Bekkur: 10. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði: þjóðfélagsfræði/saga/lífsleikni

Efnisþættir	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
Vinnulag samfélagsgreina	Nemandi geti: • útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina, • aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt, • vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna, • spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum, • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum, • miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt, • tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	T.d. • Fyrirlestrar • Umræður • Verkefnavinna • PALS	• Fræðileg ritun - hugtakabeiting • Kaflapróf - hugtakalæsi • Einstaklingsvinna • Hópvinnuverkefni • Kynningar • Heimildaöflun • Hugleiðingar • Krossapróf • Sköpun • Þátttaka í umræðum (hlustun og innlegg) • Vinnubók - Vinnumappa • Vinnusemi og virkni í tíma
Þjóðfélagsfræði/ lífsleikni	Nemandi geti: • útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í		

	fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur, • þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu, • greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga, • útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi, • útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu, • útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag, • skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi, • bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni, • áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og		

	annarra, • ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi, • greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks.		
Sag	• Sýnt fram á þekkingu á tímabilinu eftir seinni heimsstyrjöld, • Sýnt að hann þekki ákveðna sögulega atburði sem áttu sér stað eftir seinni heimsstyrjöld, • Sýnt fram á þekkingu á menningartengslum og þróun ríkjanna tveggja: Palestínu og Ísrael, • sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu, • sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar, • útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.		